

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 13. júní 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Ávarp

til framleiðanda og annara.

Frá útflutningsnefndinni.

Landsmönnum mun kunnugt, að landsstjórnin hefir gert samning við stjórnir Bandamanna um kaup og aðflutning á öllum þeim nauðsynjavörum sem landið einkum mun þarfnast fram að 1. maí 1919, en til þess að innflutningsheimildir fengjust, hafa stjórnir Bandamanna áskilið sjer forkaupsrjett á öllum helstu afurðum landsins, sem ekki verða hagnýttar í landinu sjálfum, með þeim kjörum sem þegar hafa verið birt í nokkrum atriðum, en að öðru leyti munu verða birt hið allra bráðasta fyrir hverja vörutegund út af fyrir sig. Jafnframt er það áform Bandamanna, að krefjast afhendingar á allri þessa árs framleiðslu ullar og lýsis, svo og meiri hluta fiskjarins, eða máské alls, og enn fleiri vara, alt með fastákveðnu verði samkvæmt samningnum.

Þessir skilmálar, hversu sem um þá verður dæmt, voru ófrávíkjanleg skilyrði fyrir því, að landið yrði ekki sett í algert aðflutningsbann, sem tæki fyrir alla lífsvon atvinnuveganna og þannig stofnuðu þjóðinni beinlínis og óbeinlínis í hinn mesta voða af matvælastorti og klæðleysi. — Og þess vegna hefir landsstjórnin með samráði Alþingis undirgengist þá.

En eins og ráðstafanir landsstjórnarinnar verða að teljast óhjákvæmilegar, eins er það nauðsynlegt að landsmenn, framleiðendur og aðrir, geri sitt til þess, að fullnægja samningnum hiklaust, og sem kostnaðarminst sjálfum sjer og landinu í heild. Það mun flestum ljóst, að slíkum samningi, sem þing og stjórn þannig hefir gert landinu til bjargar, er skylt að fullnægja, enda hefir Alþingi og landsstjórnin þegar gert, og mun vafalaust gera frekari ráðstafanir sem til þess

þurfa, meðal annars til þess að þeir, sem viljugir hlýða samningsákvæðunum, líði engan бага í samanburði við hina, nje vegna óhlýðni þeirra. **96**
14. júní

Þess vegna viljum vjer leiða athygli landsmanna að því, hve æskilegt það er, að framleiðendur komi sem fyrst með framboð sín, jafnskjótt og varan er tilbúin til útflutnings, og þannig styðji útflutningsnefndina til þess að hagnýta sem best þau flutningstæki sem nú þegar eru fyrir hendi, og framvegis bjóðast, svo að afurðunum verði komið sem fljótast, og í tækan tíma frá landinu. Með því mun skipakostur landsins notast betur og seljandinn spara óþarfa geymslukostnað og ábyrgð, auk þess sem peningarnir þá mundu koma fyr inn í landið.

Síðast en ekki síst viljum vjer benda á það, að með því greiðlega að fullnægja samningsatriðunum, sem hvort eð er ekki mun verða undan þokað, tryggjum vjer oss best, að þeirri fyrirgreiðslu á aðdráttum vorum, sem Bandamenn í áminstum samningi hafa heitið oss, verði fullnægt.

Reykjavík, 14. júní 1918.

Thor Jensen, *Pjetur Jónsson.* *Ó. Benjamínsson.*
formaður.

Reglur

97
20. júní

um sölu og útflutning á ull.

(Tilkynning nr. 3 frá útflutningsnefndinni).

1. gr.

Öllum framleiðendum og öðrum er hafa með höndum ull, sem framleidd er á árinu 1918, og eigi verður höfð til notkunar í landinu sjálfu, er skylt að bjóða hana til kaups fulltrúa Bandamanna hjer í Reykjavík, jafnskjótt og ullin er útbúin til útflutnings. Annast útflutningsnefndin framkvæmdir á þessu, samkvæmt auglýsingu stjórnarráðsins, dags. 3. þ. m., og enn fremur reglugjörð, dags. 11. þ. m.

2. gr.

Samkvæmt samningnum við Bandamenn þer að afhenda ullina til sölu á þessum höfnum;